

## **D Ó M U R**

**Héraðsdóms Reykjaness mánudaginn 14.maí 2007 í máli nr. E-1569/2006:**

**Hugarflug ehf. og**

**Ingi Gunnar Jóhannsson**

*(Erla Svanhvít Árnadóttir hrl.)*

**gegn**

**Auglýsingastofu E. Backman ehf**

*(Halldór Helgi Backman hrl.)*

Mál þetta, sem dómtekið var 16. apríl sl. er höfðað 19. september 2006 af Hugarflugi ehf., Maríubaugi 5, Reykjavík og Inga Gunnari Jóhannssyni sama stað, á hendur Auglýsingastofu E. Backman ehf., Garðaflöt 16-18, Garðabæ.

Stefnandi Hugarflug ehf. krefst þess í fyrsta lagi að viðurkennt verði með dómi að félagið eigi höfundarrétt að huglægum beinlínukortum er gefin hafi verið út á kortum á dómskjölum 20, 21 og 22.

Í öðru lagi að viðurkennt verði með dómi að stefnda sé óheimilt að gera eintök af huglægu beinlínukorti, sem sé að finna í útgefnum bæklingi á dómskjali nr. 26, gefa út slíkt kort, birta með nokkrum hætti opinberlega eintök af því eða dreifa opinberlega eintökum af því.

Í þriðja lagi að stefndi verði dæmdur til að þola upptöku á eintökum bæklinga á dómskjali nr. 26, sem séu í hans vörslu.

Í fjórða lagi að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skaðabætur að fjárhæð 447.476 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá birtingardegi stefnu til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar.

Stefnandi Ingi Gunnar Jóhannsson krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða honum miskabætur að fjárhæð 900.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá birtingardegi stefnu til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar.

Fyrir hönd beggja stefnenda var gerð krafa um það við munnlegan málflutning að stefndi yrði dæmdur til að greiða álag á málskostnað samkvæmt 131. gr. laga nr. 91/1991.

Stefndi krefst þess að öllum kröfum stefnenda verði hafnað og hann þannig sýknaður að öllu leyti í málinu. Þá krefst hann málskostnaðar að óskiptu úr hendi stefnenda og mótmælir kröfu um að honum verði gert að greiða álag á málskostnað.

I.

Stefnendur byggja kröfur sínar í máli þessu á ætluðum brotum stefnda á höfundarrétti, hönnunarrétti og vörumerkjarétti þeirra með gerð og útgáfu svokallaðs beinlínukorts af leiðakerfi Strætó bs.

Stefnandi Ingi Gunnar Jóhannsson, sem jafnframt er fyrirvarsmaður stefnanda Hugarflugs ehf. og eigandi félagsins, gaf aðilaskýrslu. Einnig gaf aðilaskýrslu Ernst Jóhannes Backman en hann er eigandi og fyrirvarsmaður stefnda. Þá komu fyrir dóminn sem vitni, Oddur Einarsson, Þórhildur Jónsdóttir, Hermann Ingi Arason, Karl Friðriksson, Agnar Hlynur Daníelsson, Búi Kristjánsson, Brynjólfur Tryggvi Árnason, Þórhallur Páll Halldórsson, Pétur Fenger og Ásgeir Einarsson, en sá síðastnefndi gaf símaskýrslu.

Í stefnu er málavöxtum lýst svo að stefnandi Ingi Gunnar Jóhannsson hafi B.S próf í landafræði frá Háskóla Íslands og hafi hann meðal annars starfað við kortagerð.

Stefnandi Ingi Gunnar hafi um langt árabil unnið að þróun svokallaðra huglægra leiðakorta, nánar tiltekið huglægra beinlínukorta (enska: Mental Route Maps), fyrst

í stað korta af leiðakerfi áætlunarbifreiða og síðar korta af leiðakerfi strætisvagna á höfuðborgarsvæðinu. Stefnandi hafi með sjálfstæðu framlagi sínu öðlast höfundarrétt að slíkum kortum sem hann hafi nú framselt til stefnanda Hugarflugs ehf., sem sé í hans eigu. Stefnandi Ingi Gunnar hafi skráð hönnunarrétt að slíkum kortum en hann hafi nú framselt þær skráningar til stefnanda Hugarflugs ehf. Með heimild stefnanda Inga Gunnars, hafi stefnandi Hugarflug ehf. skráð hönnunarrétt að einu korti.

Stefnandi Hugarflug ehf. sé eigandi vörumerkjaskráningar nr. 768/2002, LEIÐALYKILL, fyrir vörur í flokki 16.

Stefnendur fari þannig með réttindi á sviði höfundaréttar, hönnunar og vörumerkjaréttar er mál þetta varði.

Stefnandi Hugarflug ehf. hafi átt í viðræðum við Strætó bs. um útgáfu á kortum sínum allt frá árinu 2001, sbr. trúnaðaryfirlýsingu þáverandi forstjóra Strætó bs. vitnisins Ásgeirs Eiríkssonar 23. október 2001. Frá árinu 2001 hafi Hugarflug ehf. veitt sérleyfishöfum heimild til útgáfu huglægs beinlínukorts yfir leiðakerfi áætlunarbifreiða og liggja viðkomandi bæklingar fyrir í málinu á dómskjölum nr. 12 til 15. Stefnandi hafi einnig gefið út slík kort sjálfur fyrst árið 2004 og aftur árið 2005 og liggja þeir bæklingar fyrir í málinu á dómskjölum nr. 16 og 17.

Vegna áhugaleysis Strætó bs. um samstarf hafi Hugarflug ehf. gefið sjálft út kort af nýju leiðakerfi Strætó bs., þegar hið nýja leiðakerfi hafi verið tekið í notkun á árinu 2005 og hafi ný útgáfa þess komið út í mars 2006. Þriðja útgáfa kortsins, ferðamannaútgáfa á ensku, hafi komið út í maí 2006. Þessi kort hafi öll verið gefin út undir vörumerkinu Leiðalykill.

Hinn 15. mars 2006 hafi stefnandi Ingi Gunnar átt fund með starfsmanni Strætó bs. og hafi starfsmaðurinn sýnt honum teiknaða mynd (dómskjöl nr. 23 og 24) af leiðakerfi Strætó sem hafi verið eftirgerð teikningar stefnanda sem gefin hafi verið út á dómskjali nr. 20 og hafi starfsmaðurinn upplýst að fyrirsvarsmáður stefnda hefði afhent teikninguna í desember 2005 í formi veggspjalds og áprentaða á tölvumúsarmottu.

Af hálfu stefnanda Hugarflugs ehf. hafi verið ritað bréf 23. mars 2006 til stefnda þar sem gerð hafi verið grein fyrir réttindum félagsins til teikninganna og hafi þess verið krafist að stefndi myndi ekki birta eða gefa út mynd þá er stefnandi hefði séð á skrifstofu Strætó bs.

Lögmaður stefnda hafi ritað stefnendum svarbréf 26. maí 2006 þar sem kröfu stefnenda hafi verið mótmælt. Í bréfinu sé fullyrt að stefndi hafi sýnt stefnendum hugmyndir sínar að „einfaldara leiðakerfi“ áður en Leiðalykill hafi verið gefinn út, en fullyrðing þessi sé alröng og um tilbúning að ræða.

Lögmaður stefnenda hafi ritað lögmanni stefnda bréf 7. júlí 2006 og hafi þar lýst ítarlega réttindum stefnenda, gert grein fyrir tilurð þeirra og ítrekað kröfur stefnenda um viðurkenningu á réttindunum og að stefndi hætti útgáfu og dreifingu á korti sínu. Bréfinu hafi ekki verið svarað formlega en í tölupóstsamskiptum lögmannna aðila hafi komið fram að ekki verði orðið við þessum kröfum af hálfu stefnda. Sé málssókn þessi því nauðsynleg.

Af hálfu stefnda er málavaxtalýsingu stefnenda mótmælt að því er varðar fullyrðingar um ætlaða notkun stefnda, eða fyrirsvarsmanns hans, Ernst J. Backman, á hugverki stefnenda við gerð leiðakorta af leiðakerfi Srætó bs.

Kemur fram að fyrirsvarsaður stefnda hafi starfað við gerð leiðakorta fyrir Strætó bs. og forvera þess félags (SVR og AV) allt frá árinu 1987 og byggist þau kort hans sem deilt sé um í málinu á þeirri vinnu en ekki á kortum stefnenda. Nánari lýsing stefnda á málavöxtum kemur fram í kafla nr. III. þar sem raktar eru málsástæður hans.

## II.

Í stefnu kemur fram að þróun stefnanda Inga Gunnars á huglægum beinlínukortum af leiðakerfi strætisvagna á höfðuborgarsvæðinu eigi sér langan aðdraganda. Hugmynd að slíkri kortagerð hafi blundað með honum frá því hann hafi búið erlendist á árunum 1979 til 1980. Hann hafi markvisst farið að vinna skissur og aðra undirbúningsvinnu að slíku korti á árinu 1997.

Á árunum 2001, 2002 og 2003 hafi Austurleið-SBS gefið út kort stefnanda að leiðakerfi sínu á Suður- og Austurlandi. Árið 2004 hafi verið gefin út sérkort af leiðakerfum Kynnisferða, SBA-Norðurleiðar og fyrirtækis Sæmundar Sigmundssonar, öll gerð af stefnanda Hugarflugi ehf. Á árunum 2004 og 2005 hafi Hugarflug ehf. gefið út heildarkort yfir leiðakerfi allra 14 áætlunarbifreiða um landið allt.

Kortagerðarverkefni stefnenda hafi hlotið nýsköpunarstyrk frá Impru, nýsköpunarmiðstöð, vorið 2004. Í september 2004 hafi birst grein í Morgunblaðinu sem myndskreytt hafi verið með mynd af korti stefnenda yfir stofnleiðir á höfuðborgarsvæðinu. Á árinu 2005 hafi birst fleiri greinar í dagblöðum um vinnu stefnenda að huglægu korti yfir leiðakerfi Strætó bs.

Kveða stefnendur kröfur sínar byggjast á neðangreindum réttindum þeirra:

### 1. Höfundarréttindi.

Stefnandi Hugarflug ehf. eigi höfundarrétt að myndverki er sýni huglægt beinlínukort af leiðakerfi höfuðborgarsvæðisins. Jafnframt nái höfundarréttur Hugarflugs ehf. til einstakra hluta myndverksins eins og nánar verði gerð grein fyrir hér á eftir. Myndverkið hafi verið gefið út í þremur útgáfum, þeirri fyrstu sumarið 2005 og tveimur öðrum vorið 2006. Allar hafi útgáfurnar verið undir nafninu Leiðalykill. Verk þetta sé myndlistarverk í skilningi 2. mgr. 1. gr. höfundalaga nr. 73/1972.

Hér að neðan verði gerð nánari grein fyrir stofnun höfundaréttindanna. Stefnandi Hugarflug ehf. eigi höfundarrétt að kortagrunninum sem Leiðalykill sé teiknaður á. Einnig eigi stefnandi höfundarrétt að myndverkinu er birtist á Leiðalykli, þ.e. hinu huglæga beinlínukorti, m.a. í þeirri framsetingu sem sé að finna á þeim þremur útgefnum kortum sem gerð sé grein fyrir hér að framan. Jafnframt eigi stefnandi höfundarrétt að einstökum þáttum og útfærslum hins huglæga korts. Þar á meðal sé myndverk af stofnleiðakerfinu en ein útgáfa þess myndverks birtist í hönnunarskráningu nr. 286 og 29/2004. Öll þessi hugverk séu sköpun stefnanda Inga Gunnars, en hafi verið framseld til Hugarflugs ehf., eins og áður hafi komið fram. Kortagrunninn hafi stefnandi Ingi Gunnar útfært sjálfur, allar ákvarðanir, m.a. um stærðir, hlutföll og form séu hans eigin. Beinlínuteikningarnar séu allar hans eigin. Þær séu byggðar á opinberum upplýsingum um leiðakerfi almenningsgangna en allar ákvarðanir um lögun kortsins í heild, hlutföll, hliðranir og form og einnig ákvarðanir um þessi atriði sem varði einstaka hluta kortsins séu stefnanda. Við vinnu við slíka kortagerð sé margvíslegt svigrúm fyrir hendi við mismunandi útfærslur. Hugmyndafræðin sem stuðst sé við sé ekki ný af nálinni enda sé um að ræða vel þekkta og vinsæla aðferðafræði í huglægri kortagerð. Ef hins vegar séu bornar saman leiðakortsmyndir frá mismunandi borgum í Evrópu megi glögglega sjá að hver myndhöfundur hafi sín höfundarsérkenni og ekki notist allir við sömu reglur í útfærslu sinni enda séu slík kort ætíð höfundarmerkt. Þessu megi líkja við það að í myndlist séu fjölmargir listamenn sem vinni verk er tilheyri sömu stefnu en einstök listaverk njóti höfundaréttarverndar hvert um sig.

Einkennandi fyrir útfærslu stefnanda Inga Gunnars sé að kortagrunnur og kort séu alfarið teknuð í 45°, 90°, 135° og 180° teikningu. Afleiðing þess sé að alfarið sé vikið frá hinum hefðbundna kortagrunni sem byggist á mælanlegum staðreyndum. Við útfærslu leiðakortsins séu sýnd fjölmörg smáatriði í einstökum leiðum og kortið sé því ekki jafn einfaldað og algengt sé í mörgum kortum af þessari gerð enda sé um að ræða strætisvagnaleiðir en ekki járnbrautaleiðir. Við útfærslu sína hafi stefnandi innt af hendi sjálfstætt framlag við ákvarðanir um lögur, hlutföll, hliðranir og form og einnig ákvarðandir um útfærslu smáatriða í því hvernig einstökum leiðum sé lýst í kortinu. Enginn vafi leiki því á að kortagrunnur, kort og einstakir þættir korts stefnanda njóti verndar 1. gr. höfundalaga nr. 73/1972.

## 2. Hönnun

Stefnandi Hugarflug ehf. eigi fimm hönnunarskráningar sem tengist Leiðalyklinum:

- a. Hönnunarskráningu nr. 286, grunnur huglægs leiðakorts af höfuðborgarsvæðinu, umsókn lögð inn í október 2003.
- b. Hönnunarskráning nr. 29/2004, grunnur huglægs leiðakorts af höfuðborgarsvæðinu, ásamt stofnleiðakerfi strætisvagna.
- c. Hönnunarskráning 43/2004, grunnteikning huglægs korts af höfuðborgarsvæðinu, ásamt leiðakerfi almenningsamgangna (strætó)
- d. Hönnunarskráning nr. 39/2005, huglægt beinlínukort af höfuðborgarsvæðinu ásamt leiðakerfi almenningsamgangna.
- e. Hönnunarskráning nr. 9/2006, huglægur kortagrunnur af höfuðborgarsvæðinu í 45°, 90°, 135°, 180° teikningu ásamt samsvarandi huglægri beinlínuteikningu af leiðakerfi Strætó bs.

Forsenda fyrir því að hönnun fáið skráð sé að hún sé ný og sérstæð, sbr. 3. gr. laga nr. 46/2001 um hönnun. Enginn vafi leiki á því að stefnandi Hugarflug ehf. eigi hönnunarskráningar er verndi kortagrunninn, teikningu af stofnleiðakerfinu og teikningu af leiðakerfinu.

## 3. Vörumerki

Stefnandi, Hugarflug ehf., sé eigandi vörumerkjaskráningar nr. 768/2002, LEIÐALYKILL, fyrir vörur í flokki 16.

Brot gegn hugverkaréttindum.

Kort er gefið hafi verið út í bæklingi á dómskjali nr. 26 sé ótvírætt eftirlíking bæði af kortagrundi og korti stefnenda. Sýni eftirfarandi dæmi þetta glögglega:

1. Samanburður á framsetningu akstursleiða á Miklubraut, í miðbæ og á Hverfisgötu.

Her sé um að ræða samanburð á eftirfarandi:

- a. Hefðbundinni teikningu á landakorti, úr leiðakorti er stefndi hafi unnið fyrir strætó og hafi síðast birtst í leiðabók Strætó bs. í mars 2006,
- b. þeirri framsetningu stefnenda sem birtist á hönnunarskráningu nr. 29/2004 og
- c. framsetningu stefnda sem birtist í nýútgefnu korti hans á dómskjali nr. 26.

Samanburður sýni að umræddum akstursleiðum sé lýst með nákvæmlega sama hætti í tilviki b. og c. og sjáist þetta glögglega af sveigjunni í neðri hluta kortanna vinstra megin.

2. Samanburður á leiðakerfi í austurhluta Reykjavíkur innan Elliðaáa.

Hér sé um að ræða samanburð á eftirfarandi:

- a. Leiðakorti er stefndi hafi unnið fyrir Strætó og birtst hafi í leiðabók Strætó bs. í mars sl.,
- b. Leiðalykli eins og leiðakerfið birtist í hönnunarskráningu nr. 43/2004, Leiðalykli eins og leiðakerfið birtist í hönnunarskráningu nr. 39/2005 og Leiðalykli eins og leiðakerfið birtist í hönnunarskráningu nr. 9/2006 og
- c. nýútgefnu korti stefnda á dómskjali nr. 26.

Samanburður sýni að útfærsla kortsins og allar teiknilausnir séu því sem næst hinar sömu. Hlutföll og stærðir séu nánast þær sömu og lega leiðanna sé hin sama, þ.e. stefndi hafi nýtt sér þá möguleika er skapist með hinum fjórum forsendum  $45^\circ$ ,  $90^\circ$ ,  $135^\circ$  og  $180^\circ$  teikningum með nákvæmlega sama hætti. Smávægilegar breytingar frá korti stefnenda virðist eingöngu gerðar í þeim tilgangi að láta líta út fyrir að ekki sé um sömu teikningu að ræða.

### 3. Samanburður á leiðakerfi Grafarvogs.

Hér sé um samanburð á eftirfarandi að ræða:

- a. Á leiðakorti er stefndi hafi unnið fyrir Strætó bs. og birst hafi í leiðabók Strætó bs. í mars sl.,
- b. Leiðalykli eins og leiðakerfið birtist í hönnunarskráningu nr. 43/2004, Leiðalykli eins og leiðakerfið birtist í hönnunarskráningu nr. 39/2005 og úr Leiðalykli eins og leiðakerfið birtist í hönnunarskráningu nr. 9/2006 og
- c. á nýútgefnu korti stefnda á dómskjali nr. 26.

### 4. Samanburður á leiðakerfi Hafnarfjarðar og Álftaness

Hér sé um samanburð á eftirfarandi að ræða:

- a. Á leiðakorti er stefndi hafi unnið fyrir Strætó bs. og hafi birst í leiðabók Strætó bs. í mars sl.,
- b. Leiðalykli eins og leiðakerfið birtist í hönnunarskráningu nr. 43/2004, Leiðalykli eins og leiðakerfið birtist í hönnunarskráningu nr. 39/2005 og úr Leiðalykli eins og leiðakerfið birtist í hönnunarskráningu nr. 9/2006 og
- c. nýútgefnu korti stefnda á dómskjali nr. 26.

Samanburður sýni að útfærsla kortsins sé því sem næst hin sama og sömu athugasemdir eigi við og tiltekna hafi verið undir lið nr. 2.

Að auki megi benda á að fjölmörg smáatriði séu eins á korti stefnda og korti stefnanda og sýni þau að stefndi hafi augljóslega nýtt sér á margvíslegan hátt hönnunarvinnu og höfundarframlag stefnenda við útgáfu síns korts.

Loks megi nefna að þau kort er stefndi hafi unnið fyrir Strætó bs. í um það bil tvo áratugi hafi undantekningalaust verið teiknuð ofan á kortagrunn sem sé upprunninn hjá Landmælingum Íslands og hafi leiðakerfið verið teiknað ofan í grunn gatna á höfðuborgarsvæðinu eins og þær liggi í þeim grunni. Kortagrunnurinn sem notaður sé í hinu nýútgefna korti stefnda sé í öllum aðalatriðum stæling á teikningu stefnanda Inga Gunnars af hornréttri og 45° hönnun hans á almennum grunni af höfðuborgarsvæðinu, með tveimur 45° hliðrunum (Hafnarfjörður og Grafarvogur/Mosfellsbær) sem virðist eiga að þjóna þeim tilgangi einum að láta líta svo út að um sjálfstæða sköpun sé að ræða.

Séu Leiðalykill og kort stefnda ljósrituð á glæsur, en það hafi stefnendur gert og lagt fram á dómskjöllum nr. 27 og 28, í sambærilegum stærðum og teikningarnar bornar saman, megi glöggjt sjá að þá falli saman ýmis strik og punktar sem séu lykilateiriði í teikningunum auk þess sem staðsetning á „hryggjarstykkinu“ í hönnun stefnanda, sem sé hin afgerandi T-lögun á Miklubraut/Kringlumýrarbraut, reynist jafnframt vera hin sama í korti stefnda. Jafnframt falli algerlega saman punktar skiptistöðva á Hlemmi, Lækjartorgi, í Hamraborg og í Mjódd. Sé þetta ótvíræð sönnun þess að stefndi hafi lagt kort og kortagrunn stefnanda til grundvallar sínu korti, með skönnun eða annars konar afritun. Óhugsandi megi telja að það sem hér hafi verið bent á geti verið tilviljun ein, en augljóst sé að stefndi hafi við gerð þeirrar teikningar er hann hafi kynnt Strætó bs. síðastliðinn vetur notað teikningu stefnanda sem gefin hafi verð út í bæklingi á dómskjali nr. 20 á árinu 2005.

Af framangreindu megi glöggjt sjá að sjálfstætt framlag af hálfu stefnda í skilningi höfundarréttarins sé ekki fyrir hendi heldur hafi stefndi notfært sér margra ára vinnu stefnanda er kostað hafi þá ómælda fjármuni og nýtt sér viðskiptavild er þeir hafi skapað sér með útgáfu Leiðalykils.

Með útgáfu og dreifingu á nýútkomnu korti sínu hafi stefndi þannig brotið gegn 3. og 4. gr. höfundalaga nr. 73/1972 og 9. gr. laga um hönnun nr. 46/2001.

Á korti stefnda, sem hann hafi þegar kynnt fyrir Strætó bs. og boðið fyrirtækinu til kaups sé að finna yfirskriftina „Lykillinn að greiðri leið með Strætó“. Sé augljóst að heitið sé tilvísun í skráð vörumerki stefnanda Hugarflugs ehf., LEIÐARLYKILL, nr. 768/2002. Með notkun þess í því kynningarefni á korti sem lagt hafi verið fram hjá Strætó bs. í sölutilgangi hafi stefndi brotið gegn 4. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki.

Brot gegn reglum um óréttmæta viðskiptahætti.

Með framangreindum athöfnum sínum við eftirgerð teikninga stefnenda hafi stefndi einnig brotið gegn 12. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit gegn óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

Með því að nýta sér viðskiptavild sem stefnendur hafi áunnið sér með áralöngu starfi að þróun leiðakorts síns og notfæra sér hana við útgáfu á korti sínu hafi stefndi brotið gegn 5. gr. síðastnefndra laga. Athuga verði í þessu sambandi að Strætó bs. sé í rauninni eini mögulegi kaupandinn á þessum umrædda markaði og hafi stefnandi Hugarflug ehf. verið að bjóða Strætó bs. kori sitt, Leiðalykil til kaups nú í bráðum fimm ár.

Fjárfrafa Hugarflugs ehf. vegna fjárhagslegra hagsmuna.

Brot gegn höfundalögum nr. 73/1972 varði bótaskyldu samkvæmt 56. gr. laganna. Brot gegn hönnunarrétti varði bótaskyldu samkvæmt 1. mgr. 38. gr. laga nr. 46/2001, auk skyldu til greiðslu hæfilegs endurgjalds fyrir hagnýtingu hönnunarinnar. Brot gegn vörumerkjarétti varði bótaskyldu samkvæmt 1. mgr. 43. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki, auk skyldu til greiðslu hæfilegs endurgjalds fyrir hagnýtingu vörumerkisins.

Stefnandi Hugarflug ehf. hafi reiknað sér hæfilegt endurgjald fyrir hagnýtingu þeirra hugverkaréttinda er að framan greini. Með öðrum orðum krefji stefnandi stefnda um þá fjárhæð sem hann telji að hann hefði krafði stefnda um sem þóknun, hefði hann heimilað stefnda nýtingu réttindanna með þeim hætti að gefa út bækling þann sem um ræði. Stefnandi hafi reiknað sér tiltekna prósentu af þeim kostnaði er hann hafi stofnað til vegna tilurðar réttindanna og viðeigandi skráningar þeirra. Eingöngu sé tekið tillit til kostnaðar við vinnslu hugverksins en ekki kostnaðar við útgáfu kortabæklinga. Stefnandi, Ingi Gunnar, sem starfsmaður stefnanda Hugarflugs ehf. hafi innt af hendi sjálfstætt framlag við þróun hugverksins og hafi síðan fengið til liðs við sig auglýsingastofu. Vinna Inga Gunnars hafi átt sér stað bæði sérstaklega og með teignara stofunnar. Við mat á prósentunni 15% hafi verið tekið tillit til þess að ekki sé raunhæft að gera ráð fyrir veitingu margra samhliða leyfa á þeim markaði sem um sé að ræða, en hann megi skilgreina sem markað fyrir götu- og strætisvagnleiðakort fyrir höfðuborgarsvæðið, ætluð erlendum ferðamönnum.

Kostnaður stefnanda samkvæmt framansögðu nemi 2.983.173 krónum og 15% leyfisgjald nemi 447.476 krónum sem sé stefnufjárhæð dómkröfu nr. 3.

Sé krafan byggð á öllum þeim ákvæðum er að framan greini.

Miskabótakrafa stefnanda Inga Gunnars Jóhannssonar.

Krafa um miskabætur til handa stefnanda Inga Gunnari sé byggð á 2. mgr. 56. gr höfundarlaga nr. 73/1972. Krafan sé sett fram af höfundum sjálfum, en um sé að ræða persónuleg réttindi sem hann hafi einn heimild samkvæmt ákvæðinu til að gera tilkall til.

Stefnandi Ingi Gunnar hafi orðið fyrir miska við brot stefnda, en hugverki hans hafi verið breytt og það birt í óleyfi. Birtingin feli í sér brot gegn nafngreiningarrétti og höfundarheiðri stefnanda samkvæmt 4. gr. höfundalaga, auk þess sem heimildarlaus birting hugverksins og hönnunarinnar, sbr. 3. gr. laganna, feli í eðli sínu einnig í sér miskatjón þar sem ákvörðunarvald um birtingu verksins hafi verið tekinn frá stefnanda.

Fjárhæð miskabótakröfunnar sé 900.000 krónur.

Vextir, dráttarvextir og málskostnaður.

Krafa um vexti sé byggð á 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, en krafa um dráttarvexti sé byggð á 9. og 6. gr. sömu laga.

Krafa um málskostnað sé byggð á 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, en krafa um álag á málskostnað á 131. gr. sömu laga.

Eignaupptaka.

Krafa stefnanda um eignaupptöku er sögð byggð á skýrri og ótvíræðri heimild í 1. mgr. 55. gr. höfundalaga nr. 73/1972, 1. mgr. 39. gr. laga nr. 46/2001 um hönnun og 44. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki. Dreifing stefnda á eintökum af bæklingnum braut í bága við ákvæði laganna og séu því skilyrði til eignaupptöku því ótvírætt fyrir hendi. Stefnandi telji hagsmuni sína fyrir borð borna án eignaupptöku þar sem óeðlilegt sé að birgðir af ólögumtækum eintökum er eigi sé heimilt að dreifa verði áfram í vörslu stefnda.

### III.

Stefndi kveðst í greinargerð sinni mótmæla málatilbúnaði stefnanda í heild sinni, þar á meðal lýsingu stefnanda á málsatvikum að því er varði stefnda og fyrisvarsmann stefnda Ernst J. Backman auglýsingateiknara. Einkum sé gerð athugasemd við þá margítrekuðu en rakalausú fullyrðingu stefnanda þess efnis að stefndi eða Ernst hafi brotið gegn lögvernduðum rétti stefnanda með einhverjum hætti. Sé margt í málatilbúnaði stefnanda sem sé beinlínis ærumeiðandi og sé áskilinn allur réttur í því sambandi. Grundvallaratriði málsins sé að stefndi hafi á engan hátt brotið gegn nokkrum rétti stefnanda málsins og allar þær fullyrðingar sem fram komi í stefnu þar að lútandi séu rangar.

Svo réttum málavöxtum sé haldið til haga þá hafi áður nefndur Ernst J. Backman unnið fyrir rekstraraðila almenningsamgangna á höfðuborgarsvæðinu undanfarna áratugi og gert m.a. öll leiðakort fyrir þessa aðila. Fyrst fyrir Strætisvagna Reykjavíkur (SVR) og síðan fyrir Almenningsvagna (AV) og loks fyrir Strætó bs., sem sé heiti þess rekstraraðila í dag, en segja megi að um sama aðilann sé að ræða í raun. Frá því hið stefnda félag hafi verið stofnað hafi Ernst unnið þessi störf í nafni félagsins, þó hann sé höfundur og hönnuður alls efnis.

Í gegn um árin hafi leiðakerfi almenningsamgangna á höfðuborgarsvæðinu tekið ýmsum breytingum, eins og gefi að skilja, en jafnframt hafi hönnun í nafni stefnda á leiðakortum tekið miklum breytingum. Staðreyndin sé sú að leiðakortin séu í sífelldri þróun og ávallt hafi verið unnið að því af hálfu stefnda að einfalda kortin.

Hönnun sú sem stefnendur telji sig eiga sé í öllum aðalatriðum sambærileg alþekktri hönnun sem eigi rætur sínar að rekja allt aftur til ársins 1931 er starfsmaður neðanjarðarlestanna í Lundúnum hafi útbúið kort sem hafi sýnt verulega einföldun á leiðum innan kerfisins. Af hálfu stefnda séu lögð fram nokkur dæmi um slík kort, þar á meðal téð kort frá Lundúnum, en form þetta sé alþekkt og hafi verið alþekkt áratugum saman á ýmsum sviðum, hvort sem er við almenningsamgöngur, vöruflutninga, skipaferðir, flugleiðir eða aðrar sambærilegar leiðalýsingar. Eðli þessara korta sé allt hið sama, eins og raunar sé viðurkennt af hálfu stefnanda í málinu. Lýst sé leið frá upphafsstað með öllum viðkomustöðum

og að áfangastað með einföldum línunum sem, í tilfalli vegakorta, fylgi ekki akbrautum og akstursleiðum nema að takmörkuðu leyti eða í grundvallaratriðum. Þó sé leiðalýsingin vitaskuld í öllum tilvikum byggð á fyrirliggjandi staðreyndum um þá leið sem ekin sé, sigld eða flogin.

Grafískir hönnuðir um víða veröld hafi undanfarna áratugi komið fram með ýmsar útfærslur á þessum beinlínukortum og nýmæli við sköpun korta sem þessarra séu nær engin í dag, að minnsta kosti ekki í tilfalli þeirra korta sem stefnendur byggja höfundarrétt sinn á í málinu. Öll framsetning sé þvert á móti byggð á algildum og alkunnum formum og línunum sem byggist að öðru leyti á hinum óbreytilegu staðreyndum sem að framan sé lýst, þ.e. legu og útliti landsins í raun, sem og akstursleiðunum sjálfum.

Að þessu virtu mótmæli stefndi því alfarið að í leiðakortum stefnenda felist nokkuð sjálfstætt framlag sem notið geti verndar samkvæmt höfundalögum nr. 73/1972, lögum um vörumerki nr. 45/1997 og lögum um hönnun nr. 46/2001, sbr. t.d. 2. mgr. 3. gr. þeirra laga. Engu breyti að því leyti þótt stefnendur kunni að hafa fengið hönnun sína eða vörumerki skráð opinberlega. Það eitt breyti ekki framangreindum staðreyndum um eðli korta sem þessara. Sé þess enda vænst að niðurstaða máls þessa, verði fallist á kröfur stefnda, muni koma til vitundar Einkaleyfastofu, sem muni þá bregðast við henni.

Jafnvel þótt dómur kæmist að þeirri niðurstöðu að hin umdeildu kort stefnenda fælu í sér sjálfstætt framlag sem notið geti verndar að lögum þá breyti það því ekki að í slíkri vernd felist ekki bann við því að aðrir, þar á meðal stefndi, vinni sínar eigin útfærslur á sama leiðakerfinu (þ.e. akstursleiðum vagnanna, biðstöðvum, akbrautum o.s.frv.) sem byggt sé á sama landfræðilega grunninum (þ.e. raunverulegu útliti höfðuborgarsvæðisins) og unnið út frá sömu alþekktu hönnunarforsendunum sem hafi verið þekktar allt frá 1931. Svigrúm til sjálfstæðrar sköpunar sé með öðrum orðum svo lítið hér að hver einasta útfærsla hljóti að vera sérstök í eðli sínu og njóta höfundarréttar og annarrar lögboðinnar verndar samkvæmt því. Með sömu rökum beri að fara afar varlega í að fullyrða að einn hönnuður sem vinni innan þessara þröngu skilmála hafi með hönnun sinni brotið gegn rétti annars.

Í tilefni af kröfum og málshöfðun stefnenda hafi stefndi látið þrá kunna grafíska hönnuði, sem ekki hafi vitað hver af öðrum, gera sjálfstæðar útfærslur á því grunnkortu Strætó bs. sem enn sé í notkun. Útkomuna megi sjá á dómskjali nr. 59 og endurspegli hún það takmarkaða svigrúm sem fallað hafi verið um hér að framan. Allar útfærslurnar séu verulega líkar innbyrðis. Á sama hátt megi benda á dómskjal nr. 53, þar sem fram komi tillögur frá danska fyrirtækinu Triagonal, sem það hafi sent Strætó bs. í maí 2003 og hafi átt að taka til breytinga á leiðakerfinu sem fyrirhugaðar hafi verið í október 2004. Í tillögunni hafi grunnkort stefnda verið

tekið upp og einfaldað eftir sömu algildu aðferðum sem að framan sé lýst. Útkoman sé, eðli málsins samkvæmt, afar lík öðrum kortum, hvort sem þau séu frá stefnda eða stefnendum. Loks megi benda hér benda á dómskjal nr. 58 sem geymi annars vegar hluta af leiðakorti stefnda og hins vegar hluta af gömlu leiðakorti fyrir strætisvagna í London. Líkindin með þessum kortum séu mikil, enda byggji þau á sömu hönnunarforsendum.

Ljóst sé að stefnendur beri sönnunarbyrði um að brotið hafi verið gegn lögvörðum rétti þeirra í málinu. Slík sönnun hafi á engan hátt tekist og muni traðla takast sé horft til framangreindra staðreynda málsins, enda verð að telja að leggja beri ríkar sönnunarkröfur á stefnendur eins og atvikum sé háttað. Ekki nægi að líkindi séu með þeim kortum sem um sé deilt í málinu heldur beri, að mati stefnda, að áskilja fullkomna sönnun um að stefndi eða starfsmenn hans hafi nýtt sér kort stefnenda með beinum hætti. Það sé vitaskuldu fráleitt og þó einhver smávægileg líkindi séu með kortunum þá séu þau líkindi eingöngu að rekja til hins litla svigrúms sem sé til sjálfstæðrar sköpunar í raun.

Í stefnu málsins sé látið að því liggja að stefndi hafi fyrst, og þá skyndilega eftir að „Leiðalykill“ stefnenda kom út, hafist handa við að gefa út beinlínukort áþekkt kortum stefnenda og í raun gert eftirlíkingu af því korti. Þessu sé mótmælt sem alröngu. Raunar telji stefndi það fremur blasa við að stefnendur hafi hagnýtt sér áralanga vinnu stefnda en ekki öfugt.

Stefndi setji fram á dómskjali nr. 52 stutta samantekt yfir þróun leiðakorta sem gerð hafi verið hjá stefnda á tímabilinu frá 1987 til 2005. Í einhverjum tilfellum sé um tillögur að ræða sem ekki hafi verið notaðar, en annað hafi verið notað og bæði birt og nýtt á opinberum vettvangi. Allt þetta efni sýni þá miklu þróun sem orðið hafi á hinum svokölluðu beinlínuútfærslum leiðakortanna hjá stefnda allt frá árinu 1987. Tið að eyða öllum vafa um réttmæti þessara gagna fylgi skjalinu undirrituð staðfesting tveggja fulltrúa Strætó bs. (áður AV og SVR). Rétt sé að geta þess hér að gögnin á dómskjali 52 séu eingöngu lítill hluti alls þess efnis sem stefndi hafi unnið að á tímabilinu og eingöngu sé um dæmi að ræða sem tengist hinum svokölluðu beinlínuútfærslum sem hér sé deilt um.

Fyrsta leiðakortið á dómskjali nr. 52 (merkt A1) beri með sér að þegar á árinu 1987 hafi Ernst J. Backman verið farinn að útfæra leiðakort sín með beinlínunum í stað þess að fylgja landfræðilegum einkennum, þ.e. götum á höfðuborgarsvæðinu. Hér sé um sömu grundvallarútfærslunar að ræða og deilt sé um í málinu þótt útlitið hafi tekið breytingum í áranna rás. Þróunarvinna hafi haldið áfram og næsta tillaga að þessu leyti hafi verið lögð fram á árinu 1992 (merkt A2). Á árinu 2000 hafi stefndi útbúið enn eina tillöguna (merkt A3) og séu línurnar þá farnar að skýrast verulega. Sérstök athygli sé vakin á því að þegar á þessum tíma, þ.e. árið 2000 hafi tillögur stefnda borið með sér afgerandi T-lögun á Miklubraut/Kringlumýrarbraut, sem

stefnendur telji að sé „hryggjarstykkið“ í hönnun sinni. Raunar sé ýmislegt annað sem sé keimlíkt með þessari tillögu stefnda og hinum umdeildu kortum stefnenda, sem þó hafi ekki komið út fyrr en nokkrum árum síðar og hafi ekki verið birtar almenningi fyrr en síðla árs 2004, ef marka megi málatilbúnað stefnenda. Á árunum 2001 og 2002 hafi stefndi haldið áfram að þróa tillögur sínar (merktar A4) og þá hafi verið farið að þróa sérstaklega og nánar útlit hvernar strætisvagnaleiðar fyrir sig. Sú þróunarvinna stefnda hafi leitt til þess að Strætó bs. hafi farið að nota þessar beinlínutillögur á árinu 2003 (sjá A5). Í framhaldi af þessu hafi þróunarvinna stefnda haldið áfram og hafi verið gerðar tillögur að nýju leiðakerfi ásamt kortum af stofnleiðum á árinu 2003 (sjá A6). Sérstök athygli sé vakin á því að á þessu skjali komi fram nákvæmlega sama útfærslan á leiðinni frá Hlemmi að Lækjartorgi, Háskóla Íslands og BSÍ sem stefnendur reyni að eigna sér í málinu, sbr. t.d. dómskjal nr. 29.

Snemma árs 2004 hafi stefndi unnið enn eina útfærsluna af leiðakerfi Strætó bs. (sjá A7). Hér hafi umdeilt leiðakerfi stefnenda enn ekki verið komið út, eins og áður greini. Í tillögu að leiðabók Strætó bs. sem unnin hafi verið á árunum 2003 og 2004 og lögð fram í september 2004 hafi stefndi enn verið að þróa téð beinlínuform (sjá A8). Á sama tíma hafi stefndi unnið leiðaspjöld fyrir Strætó bs., sem sett hafi verið upp á stoppustöðvum (sjá A9) á árunum 2004 til 2006. Leiðaspjöld þessi séu enn í notkun eftir því sem næst verði komist. Það sé því ljóst að beinlínukort stefnda á dómskjali nr. 26, sem nær allur málatilbúnaður stefnenda byggir á og hafi þannig að geyma þau hugverkaréttarbrot sem stefnendur haldi fram, sé komið fram í raun hjá stefnda áður en hið umdeilda kort stefnenda hafi sannanlega orðið til og birt almenningi.

Þrátt fyrir allar framangreindar tillögur stefnda að beinlínukortum fyrir Strætó bs. hafi stjórn þess félags viljað fara varlega í sakirnar og haldið sig að mestu við hið almenna leiðakort stefnda. Því verði ekki mótmælt að Ernst J. Backman og eftir atvikum stefndi eigi höfundarrétt að slíkum kortum og fullyrða megi að öll hönnun stefnenda hafi verið byggð á þeim þó um beinlínuútfærslu hafi verið að ræða.

Rétt sé að geta þess hér að löngu áður en þróunarvinna Ernst J. Backman og stefnda hafi hafist á árinu 1987, eða strax á árinu 1981 hafi birst leiðakort fyrir almenningssamgöngur í þessu beinlínuformi eins og sjáist á dómskjali nr. 61. Þá hafi leiðakerfi SVK (Strætisvagna Kópavogs) verið gefið út með þessu sama formi á árinu 1984. Beinlínukort séu því alls ekki nýmæli hér á landi, eins og ætla megi af málatilbúnaði stefnenda.

Í stefnu sé því haldið fram að stefndi hafi brotið gegn hugverkaréttindum stefnenda og að kort stefnda á dómskjali nr. 26, sé „ótvírátt eftirlíking bæði af kortagrunni og korti stefnenda“. Þetta sé alrangt og alfarið mótmælt af stefnda. Þau dæmi sem rakin séu í stefnu geti á engan hátt stutt þessa fullyrðingu stefnenda. Eins og áður

segi sé ekki undarlegt að kortin séu lík, enda svigrúm til breytileika afar takmarkað og þó kortin séu lík þá felist fráleitt í því eitthvert brot af hálfu stefnda. Minnt sé á að stefndi hafi áður gert sambærilegt leiðakort og flest það sem komi fram í útgáfu stefnda að kortinu eigi rætur að rekja til hönnunar- og þróunarvinnu af hálfu stefnda á tímabilinu frá 1987 til 2005, eins og áður sé rakið. Meint nýmæli í korti stefnenda séu lítil sem engin og á engan hátt verði því haldið fram að stefndi hafi nýtt sér einhver slík nýmæli eða að öðru leyti gert „eftirlíkingu“ af korti stefnenda.

Það sé sérstaklega athugunarvert að í þeim dómskjölum sem fylgi dæmum stefnenda hafi þau sýnishorn af kortum stefnda sem ljósrituð séu á skjölin í einhverjum tilfellum verið afbökkuð í því skyni að láta þau líkjast frekar hinni meintu hugarsmíð stefnenda.

Á dómskjali nr. 57 hafi stefndi tekið saman á eitt blað leiðakort bæði stefnanda og stefnda þannig að varpað sé út frá þremur föstum punktum, þ.e. Lækjartorgi, Hamraborg og Ásgarði. Leiðakort stefnenda sé með fjólubláum lit en leiðakort stefnda í öðrum litum. Sjáist á þessu að munur á kortum aðila sé allnokkur og raunar umtalsverður með tilliti til þess þrönga svigrúms til sjálfstæðrar sköpunar sem viðfangsefnið bjóði í raun upp á.

Þessu til viðbótar sé lagt fram í málinu, sem dómskjla nr. 56, skjal sem sýni leiðarlínur samkvæmt korti því sem stefndi svari fyrir í málinu og raunverulegar leiðarlínur sem fram komi í leiðakerfi Strætó bs. sem nú sé í notkun og hafi verið unnið af stefnda. Af þessu sjáist að leiðarlínurnar séu í aðalatriðum sambærilegar og á engan hátt komnar frá stefnendum.

Eitt af því sem haldið sé fram, sem einkenni fyrir kort stefnenda sé kortagrunnurinn og að hann sé alfarið teiknaður í 45°, 90°, 135° og 180° teikningu. Þannig sé strandlína og helstu landfræðilegu staðreyndir svæðisins einfaldaðar niður í línur með þessum hætti, en sama eigi í raun við um leiðirnar á kortunum. Hér sé heldur ekki um nýmæli að ræða. Það sé einmitt þetta form og þessi einföldun, sem sé einkennandi fyrir þennan stíl kortagerðar sem hér sé um deilt. Fráleitt sé hægt að halda því fram að stefnendur eigi einkarétt á því að nýta þessa alkunna aðferð við einföldun kortanna. Að sama skapi sé fráleitt að stefndi hafi nýtt sér hönnun stefnenda að þessu leyti fremur en hin almennu og viðurkenndu viðmið.

Frá öndverðu hafi kortagerð af hálfu stefnda verið því marki brennd að strandlína og landfræðilegar staðreyndir hafi verið einfaldaðar. Um þetta megi vísa til dómskjals nr. 54. Einföldun að þessu leyti hafi verið sjálfsgæður þáttur í þeirri þróunarvinnu sem unnin hafi verið af hálfu stefnda. Sú útlína sem sett hafi verið fram í beinlínukorti stefnda árið 2004 sé því ekki eftirgerð af hinu umdeilda korti

stefnenda. Öllum fullyrðingum um annað sé mótmælt. Þessu til enn frekari stuðnings sé vísað til dómskjals nr. 55, þar sem lagðar hafi verið á sama skjalið útlínur í korti stefnenda og útlínur í korti stefnda. Af þessu skjali sé auðséð að verulegur munur sé á kortum aðila og þó örfáir grunnþættir séu keimlíkir, eins og tíundað sé af stefnendu á dómskjölum nr. 27 og 28, þá sé á engan hátt rétt að með því sé sýnt fram á að stefndi hafi brotið gegn rétti stefnenda. Þau litlu líkindi sem annars séu á kortunum helgist vitaskuld af þeirri aðferðafræði sem báðir aðilar viðhafi í sinni kortagerð annars vegar og hins vegar þeim grundvallarþáttum sem séu óbreytilegir, þ.e. landið og leiðirnar.

Ljóst sé að í málinu sé deilt um sérfræðileg atriði og sérfræðileg sjónarmið stefnenda um meintan hugverkarétt sinn, sjálfstæða sköpun og meint brot stefnda gagnvart þeim réttindum stefnenda. Þau álitamál sem hér sé um deilt séu þess eðlis að stefndi telji óhjákvæmilegt að aflað sé matsgerðar dómkvaddra matsmanna til að meta þá hugsanlegu sjálfstæðu sköpun, og þar með þann hugverkarétt, sem kunnir að felast í kortum stefnenda, umfram þau algildu sjónarmið sem verið hafi við lýði við gerð beinlínukorta unanfarna áratugi. Hér skorti verulega á málartilbúnað stefnenda, sbr. einnig áðurnefnd sjónarmið um sönnunarbyrði stefnenda, enda hafi þeim verið í lófa lagið að afla mats um þetta. Réttur til að dómkveðja matsmenn sé ekki áskilinn í stefnu og engin merki séu um að stefnendur hafi slíkt í hyggju. Öll þau sérfræðilegu sjónarmið sem byggt sé á í stefnunni hljóti því að teljast ósönnuð með öllu. Af gefnu tilefni áskilji stefndi sér rétt til dómkvaðningar matsmanna verði talin þörf á því.

Meðal gagna málsins sé yfirlýsing forstjóra Strætó bs. Hvorki þetta skjal né önnur sambærileg hafi sönnunargildi í málinu til stuðnings kröfum stefnenda. Þannig liggja á engan hátt fyrir hvaða gögn það hafi verið sem téðum forstjóra hafi verið sýnd, né hvað þau hafi borið með sér af þeim hönnunarforsendum sem stefnendur vilji eigna sér nú. Að öðru leyti sé vísað til fundargerðar á dómskjali nr. 64.

Öllu framangreindu til viðbótar telji stefndi ástæðu til að efast um að stefnendur eigi yfir höfuð hugverkarétt að hinum umdeildu kortum sínum, eða að minnsta kosti að sá meinti réttur sé óskipt eign stefnenda. Á dómskjali nr. 63 sé yfirlýsing vitnisins Tryggva Árnasonar, sem að eigin sögn, hafi átt ásamt vitninu Hermann, starfsmanni Auglýsingastofu Þórhildar, stóran hlut í þeirri grunnhönnun sem stefnendur byggi á að sé þeirra eign í dag. Með vísan til efnis skjalsins telji stefndi fullt tilefni til að efast um að stefndur séu einir rétthafar þeirra hugverkaréttinda sem deilt sé um í málinu. Fremur sé um að ræða óskipti réttindi margra í skilningi 7. gr. höfundalaga nr. 73/1972. Byggi stefndi á að stefnendur verði að tryggja sér fullkomna sönnun þess að meintur hugverkaréttur sé ekki háður réttindum annarra eða í óskiptri sameign. Þannig beri stefnendum að sýna fram á að þeir eigi tilkall til hinna umdeildu réttinda umfram aðra. Minnt sé á að stefnendur hafi sjálfir lagt fram á dómskjölum nr. 41 til 49, gögn sem gefi til kynna að stór hluti hönnunar á kortum stefnenda hafi farið fram á Aglýsingastofu Þórhildar og ætla megi að í slíkri vinnu felist hugverkaréttindi, samofin hinum umdeildu réttindum stefnenda, nema

sýnt sé fram á annað af þeirra hálfu. Jafnframt hafi stefnendur lagt fram ýmis kort, á dómskjölum nr. 12 til 17, og byggt á því að þau endurspegli þróunarvinnu stefnanda Inga Gunnars eins og styðji við kröfur stefnanda í málinu. Yfirlýsing Tryggva Árnasonar sé til þess fallin að draga réttmæti þessa verulega í efa. Allur vafi um þetta sé á ábyrgð stefnanda. Meðan honum sé ekki eytt byggi stefndi á því að tilefni sé fyrir dóminn að vísa kröfum stefnanda frá í heild, eða að hluta, sbr. 18. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Eigi það einkum við um 1. kröfuflið stefnanda Hugarflugs ehf. sem geti með því ráðið hagsmunum tiltekinna aðila sem ekki hafi verið gefinn kostur á að gæta réttar síns í málinu. Stefnda sé meira hagsmunamál að ná fram efnisdómi í málinu og geri því ekki kröfu um frávísun sjálfur, enda um að ræða atriði sem varði frávísun ex officio.

Öllum kröfum stefnanda sé mótmælt, bæði efnislega og tölulega. Byggi stefndi á því að viðurkenningarkröfur stefnanda Hugarflugs ehf. séu fráleitir og að sama megi segja um þá kröfu að stefnda verði gert að þola upptöku á eignum sínum. Hér sé deilt um rétt stefnda til að sinna starfsemi sinni og halda áfram þróun og uppfærslu leiðakorta sem staðið hafi í áratugi. Verði fallist á viðurkenningarkröfur stefnanda Hugarflugs ehf. felist í því óréttmæt og dæmalaus tálmun á þeim rétti stefnda að gefa út beinlínukort í samræmi við alkunnar og viðurkenndar hönnunarforsendur um víða veröld.

Skaðabótakröfu stefnanda Hugarflugs ehf. og miskabótakröfu stefnanda Inga Gunnars sé mótmælt að sama skapi. Meint fjárhagslegt og ófjárhagslegt tjón stefnanda sé alfarið ósannað. Forsendum fjárhæða sé í öllum tilfellum mótmælt og telji dómurinn, þrátt fyrir allt framanritað, að tilefni sé til að taka skaða- og/eða miskabótakröfur stefnanda til greina þá sé á því byggt að lækka verði fjárhæðirnar verulega, enda séu þær úr lausu lofti gripnar og án haldbærra raka að öðru leyti. Tilvísun stefnanda Hugarflugs ehf. til dómskjala nr. 41 til 49 sé þýðingarlaus, enda feli þessi gögn ekki í sér neina sönnun um fjártjón.

Um bótakröfur stefnanda að öðru leyti sé á því byggt að ekki sé sýnt fram á sök í málinu, en sök sé lögboðið grundvallarskilyrði bótaréttar samkvæmt 56. gr. höfundalaga nr. 73/1972, 1. mgr. 38. gr. laga um hönnun nr. 46/2001 og 1. mgr. 43. gr. laga um vörumerki nr. 45/1997. Þó kort stefnanda og stefnda kunni að vera lík þá verði, með vísan til alls framanritaðs, að fallast á það með stefnda að hending ein geti ráðið því hvort líkindi séu með kortunum þegar horft sé til þess hvert umfjöllunarefni kortanna sé. Þetta sérstaka eðli málsins geri að verkum að leggja verði á stefnendur verulega auknar kröfur um sönnun sakar af hálfu stefnda.

Stefndi mótmæli því alfarið að hann hafi brotið gegn lögum um vörumerki sérstaklega með því að kynna tillögu sína að beinlínukorti á einhverjum tímamarki undir yfirskriftinni „Lykillinn að greiðri leið með Strætó“. Orðið lykill í þessu samhengi og þessari þýðingu sé ekkert nýmæli og ekki felist heldur í því bein eða

óbein tilvísun til þess vörumerkis sem stefnendur telji að þeim tilheyri. Máltilbúnaður stefnenda að þessu leyti sé í besta falli brotlegur. Sama eigi við um meint brot stefnda á lögum um óréttmæta viðskiptahætti nr. 57/2005. Því fari fjarri að stefndi hafi nýtt sér viðskiptavild stefnenda með nokkrum hætti. Óljóst sé hvað stefnendur eigi við með viðskiptavild í þessu samhengi. Sýnt sé fram á að hið umdeilda kort á dómskjali nr. 26 sé ávöxtur þróunar allt frá árinu 1987 og sú hugsanlega viðskiptavild sem stefnendur búi yfir sé til komin vegna þrotlauss starfs stefnda og fyrirsvarsmanns stefnda, Ernst J. Backman undanfarna áratugi.

Rétt sé að geta þess hér að stefnandi Ingi Gunnar, hafi með dæmalausum og óábyrgum hætti drótttað opinberlega að starfsheiðri og faglegru vitund stefnda og Ernst J. Backman og haft í frammi alvarlegar ærumeiðingar að ósekju. Um það sé meðal annars vísað til blaðgreinar sem birst hafi í Fréttablaðinu 7. júlí 2006 og liggi fyrir á dómskjali nr. 65. Hafi stefnandi Ingi Gunnar þannig valdið verulegu tjóni og sé áskilinn allur réttur í því sambandi.

Dráttarvaxtakröfu stefnenda sé sérstaklega mótmælt. Telji stefndi, eins og atvikum sé háttað, að réttarstaða stefnenda sé í raun svo vafasöm að ef fallist yrði á greiðsluskyldu stefnda í málinu þá sé að hámarki rétt að dæma slíka vexti frá dómsuppsögu.

Að öðru leyti en að framan greini sé máltilbúnaði stefnenda mótmælt. Jafnframt vísi stefndi, máli sínu til stuðnings, til þeirra laga og reglna sem gildi á sviði hugverkaréttar og hafi ekki þegar verið vísað til, þar á meðal laga um höfundarrétt nr. 73/1972, laga um vörumerki nr. 45/1997 og laga um hönnun nr. 46/2001.

Að auki kveðst stefndi um vexti vísa til laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og um málskostnað til laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

#### IV.

Stefnandi Hugarflug ehf. krefst þess í fyrsta lagi að viðurkennt verði með dómi að félagið eigi höfundarrétt að huglægum beinlínukortum sem gefin hafi verið út á kortum á dómskjölum 20, 21 og 22.

Í 1. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála er kveðið á um að dómstólar verði ekki krafðir álits um lögfræðileg efni eða hvort tiltekið atvik hafi gerst nema að því leyti sem nauðsynlegt sé til úrlausnar um ákveðna kröfu í dómsmáli. Þá er í 2. mgr. mælt fyrir um að hafi sóknaraðili lögvarða hagsmuni af

Því að skorið sé úr um tilvist eða efni réttinda eða réttarsambands geti hann leitað viðurkenningardóms um kröfur sínar í þeim efnum. Skýra verður framangreind lagaákvæði til samræmis við efni 1. mgr. 116. gr. sömu laga þar sem kveðið er á um að dómur sé bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila og þeirra sem koma að lögum í þeirra stað um þær kröfur sem eru dæmdar þar að efni til.

Í ljósi síðasttilvitnaðrar lagagreinar er ljóst að niðurstaða máls þessa getur ekki haft viðtækari áhrif að lögum en að skera úr um réttarsamband aðila þessa máls. Þar af leiðandi getur fyrrnefnd viðurkenningarkrafa stefnanda Hugarflugs ehf. ekki komið til skoðunar hér fyrir dómi umfram það hvernig stefndi í málinu hafi hugsanlega með athöfnum sínum brotið gegn nefndum höfundarrétti. Í þeim búningi hefur krafan ekki sjálfstætt gildi en felur í sér málsástæðu fyrir því hvers vegna taka ætti aðrar kröfur stefnanda til greina. Verður að framangreindu virtu ekki talið að stefnandi Hugarflug ehf. hafi sýnt fram á að hann hafi lögvarða hagsmuni af því að fá dóm fyrir nefndri kröfu og er því óhjákvæmilegt að vísa henni af sjálfsdáðum frá dómi.

Eins og fyrr er komið fram hefur stefnandi Ingi Gunnar unnið að gerð svokallaðra beinlínukorta, fyrst fyrir leiðakerfi áætlunarþreifreiða og síðan fyrir leiðakerfi Strætó bs., og af gögnum málsins má ráða að hann hafi við gerð kortanna leitað þjónustu Auglýsingastofu Þórhildar, einkum vitnisins Hermanns Inga Arasonar starfsmanns þess fyrirtækis. Kort þau sem um er deilt í máli þessu hafi því öll verið teiknuð hjá nefndri auglýsingastofu. Í framburði nefnds Hermanns og vitnisins Þórhildar Jónsdóttur, eiganda auglýsingastofunnar, kom fram að hvorki Hermann, né auglýsingastofan gerðu tilkall til höfundarréttar með neinum hætti að þeim kortum sem unnin hefðu verið fyrir stefnendur á þeirra vegum. Lýstu þau því nokkuð með sama hætti að stefnandi Ingi Gunnar hafi setið með starfsmanni auglýsingastofunnar og kortin hafi alfarið verið gerð að fyrirskrift Inga Gunnars.

Nokkur sönnunarfærsla fór fram við aðalmeðferð varðandi hugsanlegan höfundarrétt annarra en stefnanda að kortum sem sýndu áætlunarleiðir langferðabifreiða, en ekki verður séð að álitamál því tengd snerti með nokkrum hætti ágreiningsefni þess máls sem hér er til úrlausnar. Verða þau því ekki rakin frekar.

Fyrir liggur í málinu skjal sem ber yfirskriftina „Leiðalykill-Drög að viðskiptaáætlun“ sem dagsett er 17. mars 2000 og áritað af vitnunum Þórhildi og Hermanni. Eru í þessu skjali kynnt tvö verkefni í huglægri kortagerð, annars vegar fyrir áætlunarþreifreiðar og hins vegar fyrir leiðakerfi SVR. Framangreind vitni staðfestu að þeim hefði verið sýnd umrædd áætlun á þessum tíma og að þetta hafi markað upphafið af samstarfi við stefnendur.

Þá liggur fyrir að stefnandi Ingi Gunnar kynnti hugmyndir sínar, um að sýna leiðakerfi Strætó bs. með beinlínunum, fyrir þáverandi forstjóra fyrirtækisins, vitninu Ásgeiri Eiríkssyni, þá nýráðnum, 23. október 2001. Stefnandi Ingi Gunnar mun hafa átt marga fundi með nefndum Ásgeiri án þess að samningar hafi náðst um notkun Strætó bs. á kortum stefnenda utan að 21. september 2004 birtist grein í Morgunblaðinu, sem myndskreytt var með mynd af svokölluðu stofnleiðakerfi sem gerð var af stefnendum og Strætó bs. greiddi fyrir. Upplýsti vitnið Ásgeir að myndin hefði einnig birst í bæklingi sem Strætó bs. hafi gefið út þetta haust í tilefni af samgönguviku. Þá liggja fyrir í málinu greinar úr dagblöðum sem myndskreyttar eru með myndum stefnenda af leiðakerfi Strætó bs. 27. febrúar 2005, 23. september 2005 og 11. október 2005.

Upplýst er í málinu að stefndi og fyrirvarsmaður hans Ernst J. Backman hafi gert leiðakort fyrir SVR frá árinu 1987, frá 1993 fyrir AV og frá sameiningu fyrirtækjanna fyrir hið nýja fyrirtæki Strætó bs. Hefur hann lagt fram samantekt um hugmyndavinnu sína fyrir fyrirtækin þar sem fram kemur að hann hafi sett fram hugmyndir að einföldun leiða með svipaðri hugmyndafræði og kort stefnenda þó slíkar hugmyndir hafi aldrei verið gefnar út. Staðfesti vitnið Pétur Fenger að hann hefði séð slíkar hugmyndir frá stefnda á meðan hann hefði starfað fyrir AV og síðar þegar hann hafi tekið við starfi aðstoðarframkvæmdastjóra Strætó bs. Vitnið Þórhallur Páll Halldórsson staðfesti þetta einnig, en hann hefur starfað um áratuga skeið, fyrst hjá SVR og síðan Strætó bs. og haft með að gera framsetningu á upplýsingum um leiðakerfi fyrirtækjanna til farþega.

Þá liggur fyrir að stefnendur gáfu á eigin vegum út kort undir heitinu Leiðalykill á síðari hluta árs 2005 og aftur árið 2006 í einni útgáfu á íslensku og annarri á ensku.

Eins og fyrr er rakið sá stefnandi Ingi Gunnar hugmynd stefnda að beinlínukorti fyrir Strætó bs. á fundi sem hann sótti í húsakynnum Strætó bs. í marsmánuði 2006. Var um að ræða eitt veggspjald og eina tölvumúsamottu. Var þetta staðfest af vitninu Þórhalli og fyrirvarsmaður stefnda staðfesti einnig að hann hefði sent Strætó bs. þessi gögn, sem sýnishorn af hugmyndum sínum um það hvernig slík framsetning á leiðakerfinu gæti litið út. Vitnið bar um að þegar stefnandi Ingi Gunnar hafi séð þessi gögn hafi vitnið haft þau undir höndum í nokkurn tíma, hversu lengi vissi hann ekki. Þá staðfesti vitnið að þetta hafi ekki verið fyrsta hugmynd fyrirvarsmanns stefnda að framsetningu á hugmynd samkvæmt þessari aðferðafræði, sem vitnið hefði séð.

Stefndi gaf út á árinu 2006 bæklinginn „Map of Reykjavík“ sem innihélt meðal annars leiðakort Strætó bs. með beinlínuútfærslu. Slíka bæklinga mun stefndi hafa gefið út árlega í mörg ár og ávallt með korti af leiðakerfi, en þetta mun hafa verið í fyrsta skipti sem slíkt kort var gefið út með þessari aðferðafræði. Í nýútkomnum

bæklingi stefnda hefur hann horfið til þess að birta leiðakerfið með hinni hefðbundnu framsetningu. Gaf hann þær skýringar að Strætó bs. hefði aldrei viljað fara þessa leið í framsetningu leiðakerfis síns og í nýútkomnum bæklingi stefnda hafi fyrirtækið keypt það pláss sem um ræði og sett þar fram hið hefðbundna leiðakort.

Stefnendur byggja málatilbúnað sinn einkum á því að stefndi og fyrirsvarsmáður hans hafi afritað kort stefnenda og nýtt sér þannig vinnu hans við að útbúa sitt kort. Við munnlegan málfutning kom fram með skýrum hætti að stefnendur telja sig ekki eiga höfundarrétt að þeirri aðferðafræði sem um ræðir en eigi hins vegar höfundarrétt að sinni útfærslu á þeirri aðferðafræði, eins og hún birtist á kortum þeirra. Kom á hinn bóginn fram í málfutningi stefnda og í skýrslu fyrirsvarsmanns hans að hann bæri í raun ekki brögður á höfundarrétt stefnenda að þeim kortum sem þeir hefðu gert en hafnaði því að í hans eigin kortagerð fælist einhver stæling eða afritun á verkum stefnenda. Kom fram í skýrslu fyrirsvarsmannsins að hans kort væri ekki huglægt kort í skilningi þeirrar aðferðafræði sem hér um ræði. Hann hafi tekið landfræðilegan kortagrunn, sem hann hefði verið að byggja upp og þróa í mörg ár, og einfaldlega beinlínugert akstursleiðirnar, þannig að eingöngu væri notast við þau einföldu horn sem aðferðafræðin byggðist á. Framsetningin væri því að meginstefnu landfræðilega rétt og gæti það hugsanlega skýrt hvers vegna nokkrar línur í korti hans féllu saman við línur í korti stefnenda.

Þeirri aðferðafræði í kortagerð sem á reynir í máli þessu er lýst með sambærilegum hætti af hálfu beggja aðila og fer sú lýsing saman við mat sérfróðra meðdómenda. Aðferðin á uppruna sinn að rekja til korts sem Harry Beck gerði af neðanjarðarlestickarferfi Lundúna 1931 og hefur hún náð útbreiðslu víða um heim, einkum þó varðandi gerð korta af neðanjarðarlestickarferfum, þar sem notandanum má vera nokk sama um það hvernig landið liggur nákvæmlega yfir höfði hans. Kort er þá sett fram með beinum línunum með það í huga að gefa notandanum sem skýrasta mynd af því hvernig hann á að komast frá einum stað til annars. Kort þau sem deilt er um í málinu eru samkvæmt því sem aðilar segja ekki eins einfölduð og að framan er lýst og liggja því nær hefðbundinni kortagerð. Ræðst þetta af því að þar sem notendur kortanna ferðast ofanjarðar og sjá þar af leiðandi kennileyti er sú framsetning skýrari að gefa til kynna helstu stefnubreytingar og gatnamót á þeirri leið sem ekin er.

Þessi framsetning á þeim kortum stefnenda og stefnda sem bera þarf saman í máli þessu verður að teljast hafa grundvallarþýðingu við þann samanburð. Aðferðafræðin gengur út á það að einfalda akstursleiðir samkvæmt ákveðnum lögmálum. Kort málsaðila lýsa sama raunveruleikanum og byggir framsetning þeirra á sömu hönnunarforsendunum, eins og að framan er lýst. Verður því fallist á það með stefnda að við samanburð kortanna verði að hafa þessar grundvallarforsendur í huga: Sömu hönnunarforsendur eru lagðar til grundvallar við kortagerðina, kortin lýsa sömu akstursleiðunum og þær akstursleiðir liggja um sama landsvæðið. Við mat á því hvort sýnt sé fram á að kort stefnda sé eftirgerð af

korti stefnanda verður sem sagt að hafa framangreindar forsendur í huga og það svigrúm til hönnunar sem aðilar geta talist hafa að teknu tilliti til þess.

Stefnendur byggja á að kortagrunnur sá sem stefndi hafi notað sé eftirgerð þess kortagrunns sem stefnendur hafi búið til. Kortagrunnurinn einkennist aðallega af því að strandlengjan er einfölduð samkvæmt sömu lögmálum og áður er lýst varðandi leiðir strætisvagnanna. Því fer fjarri að strandlínan sem birtist í kortagrunni stefnda geti talist líkjast þeirri strandlínu sem birtist í kortagrunni stefnenda, umfram þá staðreynd að báðir eru að lýsa sömu landfræðilegu staðreyndunum. Er einföldun stefnda minni en stefnenda og verður af samanburði ekki talið að stefnanda hafi tekist að sýna fram á að stefndi hafi stuðst við kort stefnenda við gerð kortagrunnsins. Verður að hafa í huga það sem fyrr segir að stefnendur geta ekki talist hafa einkarétt á að setja fram kort á grundvelli nefndra hönnunarforsendna. Nægir þar ekki að stefndi hafi gert hafið blátt og landið hvítt, sem var annað litaval en hann hafði áður notað við sína kortagerð, en er þekkt litasamsetning í kortum af þessu tagi.

Liggur þá fyrir að meta hvort framsetning leiðakerfis sé með þeim hætti hjá stefnda að um eftirgerð að mynd stefnenda geti verið að ræða. Við þennan samanburð er miðað við að í mynd stefnda sem birtist á tölvumúsarmottu sé forveri myndar hans sem gefin var út í Map og Reykjavík á árinu 2006 og að á sama hátt sé kort stefnenda sem gefið var út 2005 forveri þeirra korta sem þeir gáfu út 2006. Hafa stefnendur talið að ekki sé unnt að meta líkindi korts stefnda við kortagerð stefnenda nema litið sé á umrædda mynd á tölvumúsarmottu sem frumgerð, sem síðan hafi tekið breytingum, að sögn stefnenda til að breiða yfir að um eftirgerð sé að ræða. Hafa framangreind atriði verið höfð í huga við samanburðinn. Mat á líkindum kortanna er heildarmat á þeirri mynd sem birtist á kortum stefnenda annars vegar og stefnda hins vegar, að teknu tilliti til þess sem fyrr er sagt um hönnunarforsendur, landfræðilegar staðreyndir og akstursleiðir, en einnig er horft nákvæmlega til einstakra hluta kortanna og metið hvort um líkindi sé að ræða sem bendi til að um eftirgerð sé að ræða.

Það er mat dómsins að grafísk framsetning umræddra korta sé ekki nægilega lík til að telja megi kort stefnda eftirgerð af korti stefnenda. Grafískt séð er um einfalda framsetningu að ræða að teknu tilliti til þeirra föstu hönnunarforsendna sem báðir aðilar byggja á. Leiðirnar eru táknaðar með litum sem ekki eru eins í kortum aðila, endastöðvar eru einnig táknaðar með mismunandi hætti og leiðirnar eru ekki formaðar eins í mörgum tilvikum og þar sem kortin líkjast hvað mest verður að telja að landfræðileg atriði um legu leiðanna ráði framsetningu. Er þar átt við að þegar vagnar t.d. fara hring um hverfi, eða beygja út af meginleið, þá kemur slíkt fram hjá báðum aðilum og er lýst í kortum þeirra með því að teiknuð leið beygir eftir þeim hornalögmálum sem áður var lýst. Líkindi kortanna að þessu leyti eru ekki nægileg til að leggja megi til grundvallar að kort stefnda sé á einhvern hátt eftirgerð af korti stefnenda.

Þegar umrædd kort eru skoðuð frá landfræðilegum sjónarhóli verður það sama upp á teningnum. Við samanburð á korti stefnda við landfræðilega réttan grunn, með innteiknuðu leiðakerfi, kemur í ljós að leiðirnar á beinlínukorti stefnda falla mjög nálægt hinum landfræðilega réttu leiðum. Einnig sést þá að tvær 45° hliðranir, annars vegar í leiðakerfinu í Mosfellsbæ og hins vegar í Hafnarfirði, sem stefnendur hafi haldið fram að hafi verið til þess eins gerðar að gera kort stefnda ólíkt korti stefnenda, leiða til þess að kortið fellur nær landfræðilegum staðreyndum um útlit svæðisins. Við nánari skoðun kemur í ljós að framsetning stefnda er þannig að hann tekur „rétt kort“ og snýr því 18° rangsælis til að ná fram því sem næst láréttri línu eftir Miklubraut og lóðréttri í Kópavog en tekur síðan tvö 45° horn til að hliðra línunni áður en hún fer í Hafnarfjörð. Með sömu aðferðafræði þarf að snúa korti stefnenda um 22° rangsælis til að fella það saman við landfræðilega rétt kort og kemur þá bein lína í gegn um Kópavog og allt til Hafnarfjarðar og er sú lína „vestar“ en sambærileg lína stefnda. Samræmist skoðun á korti stefnda þeim framburði hans sjálfs að um sé að ræða því sem næst rétta landfræðilega framsetningu þar sem kortagrunnurinn er með tiltölulega lítilvægum hliðrunum frá þeim hlutföllum sem fram komi í hefðbundnu landakorti en leiðirnar síðan einfaldaðar í beinlínur.

Með framangreint í huga, sem og margnefndar forsendur hönnunar korta af þessu tagi, er það mat dómsins, sem skipaður er sérfróðum meðdómendum, annars vegar á sviði grafískrar hönnunar og hins vegar á sviði kortagerðar, að stefnendum hafi ekki tekist að sýna fram á að stefndi hafi á nokkurn hátt stuðst við hönnunurvinnu stefnenda við gerð þeirra korta sinna sem um ræðir í máli þessu. Tekið skal fram að framangreint mat dómsins er eingöngu byggt á gögnum sem fram hafa verið lögð í máli þessu, en notast var við tölvu við að bera gögnin saman með þeim hætti sem að framan er lýst, en notkun slíkra tækja verður að teljast sérfróðum meðdómendum heimil við þann samanburð sem framkvæma varð í máli þessu.

Það er því niðurstaða dómsins að ekki sé sýnt fram á í málinu að stefndi hafi, með gerð beinlínukorts á tölvumúsarmottu og á veggspjald og í framhaldi útgáfu á sambærilegu korti í bæklingi á árinu 2006, brotið gegn höfundarrétti stefnenda, en stefndi hefur viðurkennt fyrir dómi að stefnendur njóti slíks réttar.

Þá verður að telja að á sömu forsendum verði ekki fallist á að með nefndri útgáfu hafi stefndi brotið gegn hönnunarrétti stefnenda, en telja verður að forsenda dóms um slíkt brot hljóti að byggjast á sambærilegum samanburði á þeim verkum sem verndar njóta og farið hefur fram hér að framan. Verður því ekki heldur talið að umrædd kort stefnda sé svo lík þeirri hönnun sem stefnendur hafa skráð að stefndi teljist hafa brotið gegn rétti stefnenda með birtingu korta sinna.

Ekki er heldur unnt að fallast á það með stefnendum að stefndi hafi með því að leggja fram tvö eintök af korti sínu með slagorðinu „Lykillinn að greiðri leið með strætó“ brotið gegn vörumerkjarétti þeirra til orðmerkisins „Leiðalykill“. Þykja líkindi með orðasambandinu annars vegar og hinu verndaða orði hins vegar ekki vera slík að bótaskyldu varði, en skilja verður málsástæðuna svo að henni sé annars vegar ætlað að styðja kröfu stefnanda Hugarflugs ehf. um skaðabætur og hins vegar miskabótakröfu stefnanda Inga Gunnars.

Þá verður fráleitt talið sýnt fram á að stefndi hafi brotið gegn 12. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit gegn óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, enda samkvæmt framansögðu ekki sýnt fram á að stefndi hafi notað sér vinnu stefnenda með nokkrum hætti í starfsemi sinni.

Þegar af þeim ástæðum sem að framan eru raktar ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnenda í máli þessu.

Hafnað er kröfu stefnenda um að litið verði til ákvæða 131. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 og kveðið á um álag á málskostnað og verður talið að stefnda verði ekki kennt um það umfram stefnendur að sönnunarfærsla varð umfangsmeiri en efni stóðu til.

Eftir framangreindum málsúrslitum og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verður stefnendum gert að greiða stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 400.000 krónur.

Halldór Björnsson settur héraðsdómari dæmir mál þetta, ásamt sérfróðu meðdómsmönnum Höllu Helgadóttur, grafískum hönnuði og Guðmundi Ó. Ingvarssyni, landfræðingi.

D ó m s o r ð :

Vísað er frá dómi kröfu stefnanda Hugarflugs ehf. um að viðurkennt verði með dómi að félagið eigi höfundarrétt að huglægum beinlínukortum sem gefin hafi verið út á dómskjöllum 20, 21 og 22.

Stefndi, Auglýsingastofa E. Backman ehf., er sýkn af öðrum kröfum stefnenda, Hugarflugs ehf. og Inga Gunnars Jóhannssonar.

Stefnendur greiði stefnda sameiginlega 400.000 krónur í málskostnað.

Halldór Björnsson

Halla Helgadóttir

Guðmundur Ó. Ingvarsson